

Háskóli Íslands
Innri endurskoðun

**Úttekt á fjölda og nýtingu námskeiða við Háskóla Íslands
eftir deildum háskólaárið 2005-2006**

Gunnlaugur H. Jónsson
innri endurskoðandi

Reykjavík maí 2007

Efnisyfirlit

1. Inngangur
2. Yfirlit yfir Háskólann í heild
3. Yfirlit yfir fámenn námskeið með 0 til 4 nemendur
4. Yfirlit um guðfræðideild
5. Yfirlit um læknadeild
6. Yfirlit um lagadeild
7. Yfirlit um viðskipta- og hagfræðideild
8. Yfirlit um hugvísindadeild
9. Yfirlit um lyfjafræðideild
10. Yfirlit um tannlæknadeild
11. Yfirlit um verkfræðideild
12. Yfirlit um raunvísindadeild
13. Yfirlit um félagsvísindadeild
14. Yfirlit um hjúkrunarfræðideild
15. Skráning námskeiða
16. Athugun á fámennum námskeiðum með 0 til 4 nemendur
17. Óhagræði af að hafa óvirk og fámenn námskeið í nemendaskránni
18. Samanburður við háskóla á Norðurlöndum
19. Niðurstöður og ábendingar

1. Inngangur

Nám við Háskóla Íslands er byggt upp á námskeiðum, starfsþjálfun, sjálfstæðum verkefnum, lokaverkefnum eða lokaritgerðum. Hvert námskeið hefur tiltekin fjölda eininga. Nemandi þarf að skila 90 einingum til BA eða BS prófs, 60 einingum til meistaraþrófs og 90 einingum til doktorsþrófs.

Þessi úttekt er gerð til þess að kanna fjölda og nýtingu námskeiða sem kennd eru við Háskóla Íslands og einstakar deildir. Kannað var hvernig nýtingin er á námskeiðunum, það er hver er heildarfjöldi námskeiða, fjöldi nemenda í hverju námskeiði og meðalfjöldi nemenda í hverju námskeiði og miðgildið. Birtar eru tölfræðilegar upplýsingar um dreifingu á fjölda nemenda í námskeiðum fyrir skólann í heild og hverja deild. Gerður er samanburður á fjölda námskeiða við Háskóla Íslands og sambærilegra háskóla á Norðurlöndum. Loks eru dregnar fram ályktanir og niðurstöður.

Fengin var útskrift úr nemendaskrárkerfinu með upplýsingum um þau námskeið sem skráð voru á háskólaárinu 2005-2006. Alls voru skráð 4.294 námskeiðsnúmer með samtals 48.263 nemendum. Meðalfjöldi nemenda á hverja skráningu var 11,24. Þar af voru 2.511 námskeið með 1 eða fleiri skráðan nemanda og að meðaltali með 19,22 nemendum. Skáð voru 1.783 námskeið, 42%, með engan virkan nemanda. Sjá **Töflu I**.

Tafla I Öll skráð námskeið í nemendaskrá 2005-2006		
Heildarfjöldi námskeiða	4.294	100%
Fjöldi skráðra námskeiða með nemendum	2.511	58%
Fjöldi skráðra námskeiða án nemanda	1.783	42%

Fjöldi skráðra nemenda í öllum námskeiðum	48.263
Miðgildi nemendafjölda í námskeiði	1
Meðalfjöldi í öllum námskeiðum; 4.294	11,24
Meðalfjöldi í námskeiðum með nemendum, 2.511	19,22

Þegar búið var að leggja til hliðar skráningar sem tengjast öðru en námskeiðum það er að segja sjálfstæð verkefni, lokaverkefni og ritgerðir voru eftir 2.378 námskeiðsnúmer með 46.262 nemendum. Sjá **Töflu II**.

Tafla II Námskeið í úttaki 2005-2006		Hlutfall af heild
Heildarfjöldi námskeiða án ritgerða og verkefna	2.378	55%
Fjöldi skráðra námskeiða með nemendum	1.824	73%
Fjöldi skráðra námskeiða án nemanda	554	31%

Fjöldi skráðra nemenda í námskeið í úttaki	46.262	96%
Miðgildi nemendafjölda í námskeiði	10	1000%
Meðalfjöldi í öllum námskeiðum í úttaki, 2.378	19,45	173%
Meðalfjöldi í námskeiðum með nemendum, 1.824	25,36	132%


Með því að fella niður skráningar á ritgerðum og einstaklingsbundnum verkefnum fækkar námskeiðunum um 1.916 eða 45%. Miðað við allar skráningar, 4.294 námskeið, er meðalfjöldi í námskeiði 11,24 en í úttakinu, sem innifelur 2.378 námskeið er meðalfjöldinn 73% hærri eða 19,45 nemendum að meðaltali. Þá hefur miðgildið hækkað úr einum í tíu. Hér á eftir eru sett fram gögn um háskólann í heil og síðan fyrir einstakar deildir. Þá er gerður samanburður við nokkra norræna skóla og að lokum dregnar fram niðurstöður.

2. Yfirlit yfir Háskólann í heild


Í nemendaskrá eru alls skráð 4.294 námskeið háskólaárið 2005-2006. Með í úrvinnslu voru 2.378 námskeið eða 55%. Í þessi námskeið voru alls skráðir 46.262 virkir nemendur sem samsvarar 19,5 virkum nemendum að meðaltali í námskeið. Helmingur námskeiða er með 10 eða færri nemendur og samtals var 7,3% virkra nemenda í fámennari 50% námskeiða. Í þeim 10% námskeiða sem voru með flesta nemendur voru 44,5% virkra nema.

Allar deildir háskólans		
Fjöldi námskeiðsskráninga	4.294	100%
Námskeiðum sleppt	1.916	45%
Námskeið í úrvinnslu	2.378	55%
Fjöldi skráðra nemenda	46.262	
Meðalfjöldi í námskeiði	19,5	
Miðgildi nemendafjölda í námskeiði	10	
Hlutfall nema í fámennari 50%	7,3%	
Hlutfall nema í efstu 10%	44,5%	

Fjöldi námskeiða með tilteknum nemendafjölda





Fjöldi námskeiða og nemenda



3. Yfirlit yfir fámenn námskeið með 0 til 4 nemendur

Á háskólaárinu 2005-2006 voru í úttakinu 674 námskeið með færri en 5 nemendur. Kannað var hver hefði verið meðalfjöldinn í viðkomandi námskeiðum síðustu þrjú árin. Í ljós kom að heildarfjöldinn var að meðaltali 2.275 og meðaltalið í hverju námskeiði var 3,38. Helmingur námskeiða er að meðaltali með 1,33 eða færri nemendur og samtals var aðeins 2,9% virkra nemenda í fámennari 50% námskeiða. Í þeim 10% námskeiða sem voru með flesta nemendur var meirihluti virkra nema eða 53,3%.



Námskeið með 0 til 4 nemendur	
Fjöldi námskeiðsskráninga	674
Fjöldi skráðra nemenda	2.275
Meðalfjöldi í námskeiði	3,38
Miðgildi nemendafjölda í námskeiði	1,33
Hlutfall nema í fámennari 50%	2,9%
Hlutfall nema í efstu 10%	53,3%



4. Yfirlit um guðfræðideild

Í nemendaskrá eru 169 námskeið skráð á guðfræðideild háskólaárið 2005-2006. Með í úrvinnslu voru 79 námskeið eða 47%. Í þessi námskeið voru alls skráðir 626 virkir nemendur sem samsvarar 7,9 virkum nemendum að meðaltali í námskeið. Helmingur námskeiða er með einn eða engan nemanda og samtals var aðeins 1,8% virkra nemenda í fámennari 50% námskeiða. Í þeim 10% námskeiða sem voru með flesta nemendur voru 49,8% virkra nema.

Guðfræðideild		
Fjöldi námskeiðsskráninga	169	100%
Námskeiðum sleppt	90	53%
Námskeið í úrvinnslu	79	47%
Fjöldi skráðra nemenda	626	
Meðalfjöldi í námskeiði	7,9	
Miðgildi nemendafjölda í námskeiði	1	
Hlutfall nema í fámennari 50%	1,8%	
Hlutfall nema í efstu 10%	49,8%	




5. Yfirlit um læknadeild


Í nemendaskrá eru 225 námskeið skráð á læknadeild háskólaárið 2005-2006. Með í úrvinnslu voru 124 námskeið eða 55%. Í þessi námskeið voru alls skráðir 2.831 virkir nemendur sem samsvarar 22,8 virkum nemendum að meðaltali í námskeið. Helmingur námskeiða er með 19 eða færri nemendur og samtals var 19,9% virkra nemenda í fámennari 50% námskeiða. Í þeim 10% námskeiða sem voru með flesta nemendur voru 21,9% virkra nema.

Læknadeild		
Fjöldi námskeiðsskráninga	225	100%
Námskeiðum sleppt	101	45%
Námskeið í úrvinnslu	124	55%
Fjöldi skráðra nemenda	2.831	
Meðalfjöldi í námskeiði	22,8	
Miðgildi nemendafjölda í námskeiði	19	
Hlutfall nema í fámennari 50%	19,9%	
Hlutfall nema í efstu 10%	21,9%	

Fjöldi námskeiða með tiltekinn nemendafjölda



Fjöldi nemenda og námskeiða




6. Yfirlit um lagadeild


Í nemendaskrá eru 140 námskeið skráð á lagadeild háskólaárið 2005-2006. Með í úrvinnslu voru 61 námskeið eða 44%. Í þessi námskeið voru alls skráðir 2.613 virkir nemendur sem samsvarar 42,8 virkum nemendum að meðaltali í námskeið. Helmingur námskeiða er með 23 eða færri nemendur og samtals var 11,6% virkra nemenda í fámennari 50% námskeiða. Í þeim 10% námskeiða sem voru með flesta nemendur voru 31,1% virkra nema.

Lagadeild		
Fjöldi námskeiðsskráninga	140	100%
Námskeiðum sleppt	79	56%
Námskeið í úrvinnslu	61	44%
Fjöldi skráðra nemenda	2613	
Meðalfjöldi í námskeiði	42,8	
Miðgildi nemendafjölda í námskeiði	23	
Hlutfall nema í fámennari 50%	11,6%	
Hlutfall nema í efstu 10%	31,1%	

Fjöldi námskeiða með tilteknum nemendafjölda





Fjöldi námskeiða og nemenda



7. Yfirlit um viðskipta- og hagfræðideild

Í nemendaskrá eru 310 námskeið skráð á viðskipta- og hagfræðideild háskólaárið 2005-2006. Með í úrvinnslu voru 175 námskeið eða 56%. Í þessi námskeið voru alls skráðir 6.411 virkir nemendur sem samsvarar 36,6 virkum nemendum að meðaltali í námskeið. Helmingur námskeiða er með 23 eða færri nemendur og samtals var 18,8% virkra nemenda í fámennari 50% námskeiða. Í þeim 10% námskeiða sem voru með flesta nemendur voru 37,4% virkra nema.

Viðskipta- og hagfræðideild		
Fjöldi námskeiðsskráninga	310	100%
Námskeiðum sleppt	135	44%
Námskeið í úrvinnslu	175	56%
Fjöldi skráðra nemenda	6411	
Meðalfjöldi í námskeiði	36,6	
Miðgildi nemendafjölda í námskeiði	23,0	
Hlutfall nema í fámennari 50%	18,8%	
Hlutfall nema í efstu 10%	37,4%	




8. Yfirlit um hugvísindadeild


Í nemendaskrá eru 974 námskeið skráð á hugvísindadeild háskólaárið 2005-2006. Með í úrvinnslu voru 528 námskeið eða 54%. Í þessi námskeið voru alls skráðir 8.887 virkir nemendur sem samsvarar 16,8 virkum nemendum að meðaltali í námskeið. Helmingur námskeiða er með 11 eða færri nemendur og samtals var 14,4% virkra nemenda í fámennari 50% námskeiða. Í þeim 10% námskeiða sem voru með flesta nemendur voru 38,9% virkra nema.

Hugvísindadeild		
Fjöldi námskeiðsskráninga	974	100%
Námskeiðum sleppt	446	46%
Námskeið í úrvinnslu	528	54%
Fjöldi skráðra nemenda	8.887	
Meðalfjöldi í námskeiði	16,8	
Miðgildi nemendafjölda í námskeiði	11	
Hlutfall nema í fámennari 50%	14,4%	
Hlutfall nema í efstu 10%	38,9%	

Fjöldi námskeiða með tiltekinn nemendafjölda



Fjöldi námskeiða og nemenda




9. Yfirlit um lyfjafræðideild


Í nemendaskrá eru 56 námskeið skráð á lyfjafræðideild háskólaárið 2005-2006. Með í úrvinnslu voru 36 námskeið eða 64%. Í þessi námskeið voru alls skráðir 651 virkir nemendur sem samsvarar 18,1 virkum nemendum að meðaltali í námskeið. Helmingur námskeiða er með 11 eða færri nemendur og samtals var 26,9% virkra nemenda í fámennari 50% námskeiða. Í þeim 10% námskeiða sem voru með flesta nemendur voru 25,7% virkra nema.

Lyfjafræðideild		
Fjöldi námskeiðsskráninga	56	100%
Námskeiðum sleppt	20	36%
Námskeið í úrvinnslu	36	64%
Fjöldi skráðra nemenda	651	
Meðalfjöldi í námskeiði	18,1	
Miðgildi nemendafjölda í námskeiði	11	
Hlutfall nema í fámennari 50%	26,9%	
Hlutfall nema í efstu 10%	25,7%	

Fjöldi námskeiða með tiltekinn nemendafjölda



Fjöldi nemenda og námskeiða




10. Yfirlit um tannlæknadeild


Í nemendaskrá eru 127 námskeið skráð á tannlæknadeild háskólaárið 2005-2006. Með í úrvinnslu voru 102 námskeið eða 80%. Í þessi námskeið voru alls skráðir 634 virkir nemendur sem samsvarar 6,2 virkum nemendum að meðaltali í námskeið. Helmingur námskeiða er með 6 eða færri nemendur og samtals var 31,9% virkra nemenda í fámennari 50% námskeiða. Í þeim 10% námskeiða sem voru með flesta nemendur voru 27,1% virkra nema.

Tannlæknadeild		
Fjöldi námskeiðsskráninga	127	100%
Námskeiðum sleppt	25	20%
Námskeið í úrvinnslu	102	80%
Fjöldi skráðra nemenda	634	
Meðalfjöldi í námskeiði	6,2	
Miðgildi nemendafjölda í námskeiði	6	
Hlutfall nema í fámennari 50%	31,9%	
Hlutfall nema í efstu 10%	27,1%	

Fjöldi námskeiða með tiltekinn nemendafjölda



Fjöldi námskeiða og nemenda




11. Yfirlit um verkfræðideild


Í nemendaskrá eru 391 námskeið skráð á verkfræðideild háskólaárið 2005-2006. Með í úrvinnslu voru 245 námskeið eða 63%. Í þessi námskeið voru alls skráðir 3.589 virkir nemendur sem samsvarar 14,6 virkum nemendum að meðaltali í námskeið. Helmingur námskeiða er með 7 eða færri nemendur og samtals var 3,9% virkra nemenda í fámennari 50% námskeiða. Í þeim 10% námskeiða sem voru með flesta nemendur voru 41,7% virkra nema.

Verkfræðideild		
Fjöldi námskeiðsskráninga	391	100%
Námskeiðum sleppt	146	37%
Námskeið í úrvinnslu	245	63%
Fjöldi skráðra nemenda	3.589	
Meðalfjöldi í námskeiði	14,6	
Miðgildi nemendafjölda í námskeiði	7	
Hlutfall nema í fámennari 50%	3,9%	
Hlutfall nema í efstu 10%	41,7%	

Fjöldi námskeiða með tilteknum nemendafjölda





Fjöldi námskeiða og nemenda



12. Yfirlit um raunvísindadeild

Í nemendaskrá eru 817 námskeið skráð á raunvísindadeild háskólaárið 2005-2006. Með í úrvinnslu voru 409 námskeið eða 50%. Í þessi námskeið voru alls skráðir 6.630 virkir nemendur sem samsvarar 16,0 virkum nemendum að meðaltali í námskeið. Helmingur námskeiða er með 7 eða færri nemendur og samtals var 2,9% virkra nemenda í fámennari 50% námskeiða. Í þeim 10% námskeiða sem voru með flesta nemendur voru 41,7% virkra nema.



Raunvísindadeild		
Fjöldi námskeiðsskráninga	817	100%
Námskeiðum sleppt	408	50%
Námskeið í úrvinnslu	409	50%
Fjöldi skráðra nemenda	6.530	
Meðalfjöldi í námskeiði	16,0	
Miðgildi nemendafjölda í námskeiði	7	
Hlutfall nema í fámennari 50%	2,9%	
Hlutfall nema í efstu 10%	52,6%	



13. Yfirlit um félagsvísindadeild

Í nemendaskrá eru 915 námskeið skráð á félagsvísindadeild háskólaárið 2005-2006. Með í úrvinnslu voru 521 námskeið eða 57%. Í þessi námskeið voru alls skráðir 10.464 virkir nemendur sem samsvarar 20,1 virkum nemendum að meðaltali í námskeið. Helmingur námskeiða er með 9 eða færri nemendur og samtals var 3,2% virkra nemenda í fámennari 50% námskeiða. Í þeim 10% námskeiða sem voru með flesta nemendur voru 49,1% virkra nema.

Félagsvísindadeild		
Fjöldi námskeiðsskráninga	915	100%
Námskeiðum sleppt	394	43%
Námskeið í úrvinnslu	521	57%
Fjöldi skráðra nemenda	10.464	
Meðalfjöldi í námskeiði	20,1	
Miðgildi nemendafjölda í námskeiði	9	
Hlutfall nema í fámennari 50%	3,2%	
Hlutfall nema í efstu 10%	49,1%	




14. Yfirlit um hjúkrunarfræðideild


Í nemendaskrá eru 170 námskeið skráð á hjúkrunarfræðideild háskólaárið 2005-2006. Með í úrvinnslu voru 98 námskeið eða 58%. Í þessi námskeið voru alls skráðir 3.026 virkir nemendur sem samsvarar 30,9 virkum nemendum að meðaltali í námskeið. Helmingur námskeiða er með 11 eða færri nemendur og samtals var 5,2% virkra nemenda í fámennari 50% námskeiða. Í þeim 10% námskeiða sem voru með flesta nemendur voru 30,8% virkra nema.

Hjúkrunarfræðideild		
Fjöldi námskeiðsskráninga	170	100%
Námskeiðum sleppt	72	42%
Námskeið í úrvinnslu	98	58%
Fjöldi skráðra nemenda	3.026	
Meðalfjöldi í námskeiði	30,9	
Miðgildi nemendafjölda í námskeiði	11	
Hlutfall nema í fámennari 50%	5,2%	
Hlutfall nema í efstu 10%	30,8%	

Fjöldi námskeiða með tiltekinn nemendafjölda



Fjöldi námskeiða og nemenda



15. Skráning námskeiða

Markmiðið með þessari úttekt er að afla upplýsinga um fjölda og nýtingu námskeiða við Háskóla Íslands eftir deildum háskólaárið 2005-2006. Óskað var eftir skrá yfir þau námskeið sem Háskólinn býður upp á samkvæmt kennsluskrá og eru opin fyrir nemendur til skráningar á háskólaárinu 2005-2006 ásamt þeim námskeiðum sem eru virk en tímabundið lokuð vegna þess að þau eru ekki kennd á hverju ári.

Því miður er ekki hægt að taka þannig skrá út úr nemendakerfi Háskóla Íslands. Niðurstaðan var sú að ég fékk frá starfsmanni Reiknistofnunar, Páli Haraldssyni, skrá yfir öll námskeið sem skráð eru í nemendaskrárkerfi Háskóla Íslands á háskólaárinu 2005-2006 ásamt upplýsingum um stöðu þeirra í kerfinu. Samtals voru þetta 4.294 skráð námskeið með 48.263 nemum. Úr þessum fjölda var eftir bestu getu hreinsuð út þau námskeið sem eru einstaklingsmiðuð eins og lokaritgerðir til Ba og Bs prófs, meistaraþrófs og doktorsþrófs. Ennfremur öll einstaklingsbundin verkþjálfun. Þetta voru helstu viðmiðanirnar:

- Tekin eru með öll námskeið sem eru opin í kennsluskrá og ennfremur þau sem eru kennd og með nemendur.
- Sleppt er ritgerðum, lokaverkefnum, einstaklingsverkefnum og sérverkefnum
- Ef sama námskeiðið er skráð á tvö misseri þá er öðru sleppt ef ekki eru nemendur

Eftir að búið er að sleppa 1.916 einstaklingsmiðuðum skráningum er fjöldi skráðra námskeiða 2.378 með 46.262 nemum. Við það vex meðalfjöldi nemenda í námskeiði úr 11,2 í 19,5 og miðgildið hækkar úr 1 í 10. Þau 45% námskeiðsskráninga sem sleppt er innifela aðeins 2.001 nemanda eða 4,1 nemenda.

Það kom á óvart hvað mörg námskeið eru skráð í nemendaskrárkerfið háskólaárið 2005-2006 án nemenda, það er 1.783. Ennfremur kom það á óvart hvað það eru margar einstaklingsbundnar skráningar. Miðgildið í skráðum námskeiðum er einn nemandi þar sem það eru eins og áður sagði 1.783 námskeið án nemanda og 453 námskeið með einum nemanda. Samtals eru því 2.236 námskeiðsskráningar eða rúmlega helmingur skráðra námskeiða sem er með einum eða engum nemanda.

16. Athugun á fámennum námskeiðum með 0 til 4 nemendur

Eins og áður hefur komið fram XXX voru í úttakinu 674 námskeið með færri en 5 nemendur. Kannað var hver hefði verið meðalfjöldinn í viðkomandi námskeiðum síðustu þrjú árin. Í ljós kom að heildarfjöldinn var að meðaltali 2.275 og árlegt meðaltal í hverju námskeiði var 3,38. Helmingur námskeiða er að meðaltali með 1,33 eða færri nemendur og samtals var aðeins 2,9% virkra nemenda í fámennari helmingi námskeiðanna. Í þeim 10% námskeiða sem voru með flesta nemendur var meirihluti virkra nema eða 53,3%.

Það eru skráð á háskólaárinu 2005-2006 alls 335 fámenn námskeið sem á þriggja ára tímabili með að meðaltali einn eða færri nemendur.

17. Óhagræði af að hafa óvirk og fámenn námskeið í nemendaskránni

Aðalsmerki góðra háskóla er að vera með vel skilgreindar námleiðir sem byggja á góðum og öflugum námskeiðum. Það hefur í för með sér margvíslegt óhagræði að hafa óvirk og fámenn námskeið í kennsluskrá. Þetta óhagræði kemur fram á mörgum sviðum. Nemendur skrá sig í námskeið sem síðan er ekki kennt vegna þess að skráðir nemendur eru of fáir. Kennslustofur eru teknar frá fyrir námskeið sem ekki eru kennd. Kennarar þurfa að halda við námsefni fyrir námskeið sem ekki er kennt. Námsefni í

námskeiðum sem ekki eru kennd árlega þróast ekki jafn vel og námsefni í námskeiðum sem eru kennd árlega. Námskeiðin verða lélegri fyrir vikið. Með því að kenna færri námskeið með fleiri nemendum að meðaltali er hægt að leggja meiri vinnu í hvert námskeið og bæta gæði þeirra námskeiða sem kennd eru.

18. Samanburður við háskóla á Norðurlöndum

Haft var samband við nokkra norræna háskóla og leitað eftir samanburðarupplýsingum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem bárust þá er meðalfjöldi nemenda í nám skeiði 52,6 í Gautaborg, 41,6 í Bergen en 19,5 í Háskóla Íslands. Þá er fjöldi ársnema, 30 einingar við HÍ, í hverju námskeiði 2,5 við Háskóla Íslands en 7,3 til 9 við samanburðarskólana. Þá þurfa nemar við Háskóla Íslands að meðaltali að ljúka 7,77 námskeiðum á ári á meðan nemar við Gautaborgar háskóla þurfa að ljúka 6,28 og nemar við Björgvinjarháskóla þurfa aðeins að ljúka 4,98 námskeiðum. Það eru því mun fleiri nemendur í hverju námskeiði við samanburðarskólana auk þess sem hvert námskeið hefur mun meira vægi að meðaltali.

Samanburður við norræna háskóla

	HÍ	Lund*	Lund **	Göteborg	Bergen	Umeå
Fjöldi deilda	11	8	8	8	7	5
Fjöldi námsgreina	284	243	100	135	176	176
Fjöldi námskeiða	2.378	3.004	1.400	4.000	1.303	2.297
Fjöldi nemenda	8.939	40.600	16.740	50.000	15.382	27.424
Fjöldi ársnema	5.953	27.118	11.181	33.500	10.886	16.707
Fjöldi skráðra prófa	46.262			210.309	54.165	
Fjöldi nemenda/námskeið	19,5			52,6	41,6	
Fjöldi ársnema/námskeið	2,5	9,0	8,0	8,4	8,4	7,3
Meðalfjöldi námskeiða i ársnámi	7,77			6,28	4,98	
Meðaleiningafjöldi í námskeiði	3,86			4,78	6,03	

*Allir nemendur

**Nemendur í námskeiðsnámi

Samanburður við háskóla á Norðurlöndum bendir því til þess að mældur útskriftaárangur úr hverju námskeiði sé aðeins þriðjungur af því sem almennt gerist við samanburðarskólana. Þetta skýrist annars vegar af því að nemendafjöldi er mun minni í hverju námskeiði við HÍ og hins vegar af því að einingafjöldinn er mun minni. Samkvæmt þessu er meðaleiningafjöldi í námskeiði við HÍ 3,86 en 4,78 við Gautaborgarháskóla og 6,03 við Björgvinarháskóla.

19. Niðurstöður og ábendingar

Aðalsmerki góðra háskóla er að bjóða nemendum vel skilgreindar námleiðir sem byggja á góðum og öflugum námskeiðum. Það hefur í för með sér margvíslegt óhagræði að hafa óvirk og fámenn námskeið í kennsluskrá. Þetta óhagræði kemur fram á mörgum sviðum. Nemendur skrá sig í námskeið sem síðan er ekki kennt vegna þess að skráðir nemendur eru of fáir. Kennslustofur eru teknar frá fyrir námskeið sem ekki eru kennd. Kennarar þurfa að halda við námsefni fyrir námskeið sem ekki er kennt. Námskeiðin í námskeiðum sem ekki eru kennd árlega þróast ekki jafn vel og námsefni í námskeiðum sem eru kennd árlega. Námskeiðin verða lélegri fyrir vikið. Með því að kenna færri námskeið með fleiri nemendum að meðaltali er hægt að leggja meiri vinnu í hvert námskeið og bæta gæði þeirra námskeiða sem kennd eru.

Samanburður við háskóla á Norðurlöndum sem Háskóli Íslands vill bera sig saman við sýnir að nemendafjöldi í hverju námskeiði er lítill við Háskóla Íslands og vægi námskeiða, þ.e. einingafjöldi er ennfremur minna en við samanburðarháskólana. Hvorutveggja leiðir þetta til minni afraksturs af hverju námskeiði við Háskóla Íslands, þ.e. 2,5 ársnema samanborið við 7,3 til 9,0 ársnema í samanburðarskólunum. Lagt er til að gerðar verði breytingar á námskeiðsframboði með það að markmiði að auka afraksturinn af hverju námskeiði og þar með skilvirkni kennslu við Háskóla Íslands.

Í nemendaskrárkerfinu er ekki gerður nægjanlega skýr greinarmunur á a) Einginlegum námskeiðum sem 6 eða fleiri nemendur, í samræmi við reglur deilda um lágmarksfjölda nemenda í námskeiði, geta skráð sig í til þess að ljúka námi í tilteknum greinum, b) Tilfallandi skráningum á einstaklingsbundnum verkefnum, metnum einingum úr öðrum skólum og öðrum viðburðum í námi tiltekinnar nemenda sem nemendaskráin þarf að halda utanum. Lagt er til að námskeið verði skýrt aðgreind í nemendaskrárkerfinu frá öðrum skráningum svo sem lokaverkefnum og öðrum einstaklingsbundnum skráningum, sem ekki standa öðrum nemendum til boða.

Lagt er til að deildir og skorir fari yfir þau námskeið sem þau eiga skráð í nemendaskrárkerfinu og meti hvort þau hafa skilað tilætluðum árangri hvað varðar námsárangur og gæði samkvæmt kennslukönnunum á liðum árum og þau námskeið sem ekki ná tilætluðum árangri verði lög niður.

Lagt er til að öll námskeið sem ekki hafa haft að meðaltali 6 nemendur á liðnum 3 árum verði formlega lögð niður og þeim lokað í nemendaskrárkerfinu.

Lagt er til að hugað verði að aukinni samnýtingu námskeiða innan deilda og milli deilda. Það er t.d. boðið upp á 31 námskeið þar sem orðið tölfræði kemur fyrir í nafni. Þá er boðið upp á 21 námskeið þar sem orðið aðferðafræði kemur fyrir. Í tveim námskeiðum koma bæði orðin fyrir. Alls er því boðið upp á 50 námskeið þar sem annað eða bæði orðin koma fyrir.

Lagt er til að svokölluðu deililíkani verði breytt þannig að það verði fjárhagslegur hvati til þess í kerfinu að samnýta námskeið innan deilda og milli deilda.

Lagt er til að lögð verði enn meiri áhersla á það en áður að bæta kennslu og námsaðstöðu í fjölmönnum námskeiðum. Til þess verði varið hluta af þeim fjármunum og mannaúði sem nú er varið til kennslu í fámönnum námskeiðum sem lögð verða niður.